

Nd.

517. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um þegnskylduvinnu.

Frá minni hlutanum.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild skipaði, til að athuga þegnskyldumálið, hefir eigi getað orðið sammála. Meiri hlutinn, þeir Bjarni Jónsson frá Vogli, Þorleifur Jónsson, og Jóhann Eyjólfsson, vilja eigi, að þingið sinni málinu á neinn hátt. Telja þeir hugmyndina óframkvæmanlega og engan veginn munu bera þann ávöxt, er menn vænti. Við undirritaðir getum eigi verið á sama máli. Teljum við hugmyndina svo mikilsverða, að fjarstæða ein sje, að þingið vísi henni á bug.

Við viljum nú nota tækifærið til að fara nokkrum orðum um sögu málsins, frá því það fyrst kom fram á þingi 1903 og til þessa dags. Þegar frjettin um þingsályktunartillögu Hermanns Jónassonar barst út um land, skiftust menn þegar í tvo flokka, og líkt mun hafa verið á þingi. Eigi er auðvelt að sjá,

hvern hug þingmenn yfirleitt hafa borið til málsins, því auk flutningsmanns talaði enginn annar í málinu en Þórhallur biskup Bjarnarson, og var hann málinu mjög fylgjandi, enda er hann einn af viðsýnni mönnum þessarar þjóðar og alls eigi hræddur við nýjar hugsjónir, sem þó er svo mjög algengt hjá oss og er arfur frá eyndaröldum lands vors.

Það var óheppilegt fyrir málefnið, að það kom svo seint fram á þingi 1903. Þingmönnum hættir um of við því, að missa áhuga á þjóðmálefnum, þegar langt er liðið á þingtímann. Gerast þá flestir heimfúsir, og hafa hugann meir en góðu hófi gegnir við bú sín og heimili. Þingmenn munu hafa hugsað sem svo, að best væri að hafa sem fæst orð um málið, til þess að það tæki sem minstan tíma. Þögn þingmanna um málið getur naumast skilist á annan veg

Þingsályktunartillagan 1903 var stíluð frá Alþingi og átti því að ganga gegnum báðar deildir þingsins, ef landsstjórnin átti að taka tillit til hennar. Tillagan var samþykkt í neðri deild með 13 : 1 atkvæði, en af þingskjölunum verður eigi séð, að hún hafi verið tekin á dagskrá í efri deild. Annars er það einkennilegt, að af 24 mönnum, sem þá áttu sæti í neðri deild, greiða aðeins 14 atkvæði um slíka tillögu. Þetta sannar tvent: fyrst það, er við sögðum rétt áður um áhugaleysi þingmanna undir þinglokin, og annað það, að menn hafa eigi haft djörfung til að greiða atkvæði gegn tillögunni.

Eitthvert hættulegasta vopn gegn hverju góðu málefni er áhugaleysið. Bein og harðsnúin mótstaða er ekki nándar nærri eins hættuleg og hefir auk þess þann mikla kost, að málin skýrast í meðferðinni og vekja því meiri athygli og umtal. En það er hverju góðu máli holt, að um það sé talað og sem víðast.

Úti um land skiftust menn í tvo flokka um þetta mál, svo sem fyr er sagt. Mótbárur þeirra, er andstæðir voru málinu, voru hinar sömu og meiri hluta nefndarinnar nú hér á þingi. Málið, sögðu þeir, væri að vísu fögur hugsjón, en hún væri óframkvæmanleg; öll skilyrði vantaði til þess að hún kæmi að gagni. Meðal annars vantaði verkstjóra, sem færir væru um að stjórna. En aðrir leituðu við að gera málefnið tortryggilegt með því að jafna því við herskyldu manna í útlöndum. Gerðu slíkir menn allmikið úr skatti þeim, er þetta legði á þjóðina og um möguleika þess til að glæða sanna þjóðrækni, fóru þeir háðslegum orðum. Jafnvel þeir, er öðlast höfðu hagamælsku að vöggugjöf, en eigi að því skapi viðsýni, notuðu hagamælskuna til að henda gaman að hugmyndinni. Þannig kvað einn hagrýðingur Norðanlands um þegnskylduhugmyndina þessa alkunnu vísu:

»Ó, hve margur yrði sæll
og elska mundi landið heitt,
mætti' hann vera' í mánuð þræll
og moka skit fyrir ekki neitt«.

Vísu þessi hefir nú um mörg ár verið aðalröksemdalind allra andstæðinga þegnskylduhugmyndarinnar. Allir heilvita menn sjá, hve mikil rök í henni felast. Heyrt höfum við, að einn maður, sem talsvert ber á í þjóðfjelagi voru um þessar mundir, hafi átt að segja, þegar rætt var um þegnskylduna, nú fyrir skemstu, að Íslendingar væru frjálsbornir menn, hefðu aldrei verið þrælar og skyldu aldrei verða þrælar. Þessi og þvílík hafa verið rök andstæðinga málsins.

Þeir, sem málinu voru hlyntir, álitu að vísu margir, að tillaga Hermanns

Jónassonar væri eigi allskostar heppileg, en allir viðurkendu þeir, að hugmyndin væri eigi aðeins fögur, heldur og vel framkvæmanleg, og þeir töldu og telja enn, að þá fyrst geli menn farið að vænta hér verulegra framfara, þegar þegnskylduvinna sé komin á, með góðu fyrirkomulagi. Þeim er það ljóst, að eins og stendur, höfum vér ekki verkstjóra, sem færir sé um að stjórna og leiðbeina, en þeir trúa því stöðugt og stöðugt, að vjer getum fengið þá, ef vjer sendum unga og efnilega vel mentaða menn til útlanda til að læra þar verkstjórn. Það er heldur ekki auðvelt að sjá, á hvern hátt þeir muni geta trúað á framför þessa þjóðfélags, sem eigi geta trúað því, að efnilegir menn lands vors geti lært verkstjórn svo í lagi sé. Að þetta kosti nokkuð fje í fyrstu, er auðvitað rjett. En til hvers skyldi þá fje þkosta, ef eigi til þess, að ráða bót á því, sem oss er mest áfátt í, svo sem verklægni, verkstjórn, aga og stundvísi?

Fyrstu árin, eftir að mál þetta kom fram á þingi, var talsvert mikið um það rætt, með og móti, og í mörgum sveitum var það borið upp á flestum fundum, er höfðu þjóðmál til meðferðar. Óvíða mun þó meiri hlutinn hafa verið því fylgjandi, en það höfum við fyrir satt, að flestir hinna bestu manna í hverju bygðarlagi hafi frá byrjun ljóð því fylgi sitt, þótt þá greindi á í ýmsu um tilhögun framkvæmdanna. Einn var sá galli á tillögu Hermanns Jónassonar, sem fylgismönnum málsins geðjaðist ekki að, og hann var sá, að ráð var gert fyrir því, að menn gætu komist hjá þegnskylduvinnunni, ef þeir aðeins legðu til fullgildan mann í sinn stað. Þetta þótti mönnum sem orðið gæti til þess, að synir höfðingja og ríkismanna skyti sér undan vinnunni og keyptu menn í sinn stað, og myndi því draga úr hinni demokratisku þýðingu málsins. Þótti sem hún mundi leiða til góðs, ef eigi væri úr henni dregið með þessu ákvæði. Álitu flestir, að aðeins vottorð um vanheilsu mætti veita undanþágu.

Eftir því sem lengra leið frá því að mál þetta kom fram á þingi, hljóðnaði yfir því, en í allflestum sveitum landsins munu þó hafa verið fleiri eða færri menn, er héldu því vakandi. Þegar Hermann Jónasson ritaði hina ágætu ritgjörð sína um þegnskylduvinnu í »Andvara« 1908, lifnaði yfir málinu af nýju og síðan má segja, að því hafi aukist fylgi með hverju ári.

Þegar Norðurálfríðurinn hófst og allir varnarskyldir menn voru kallaðir undir merki hinna ýmsu landa, og þúsundir sjálfboða streymdu á vígstöðvarnar til að fórna lífi sínu fyrir sanna og imyndaða hagsmuni ættjarðar sinnar, þá tóku ungu mennirnir hjer heima einnig fjörkipp og hugur þeirra snerist þá að sjálfsögðu að þessari vanræktu hugmynd. Þeim varð það ljóst, að slík fórnfýsi, sem, því miður, í ófriðarlöndunum leiðir af sjer svo mikið bøl, að naumast verður með orðum lýst, gæti hjá oss orðið til ævarandi blessunar fyrir land og lýð. Vjer Íslendingar eigum því láni að fagna, að vjer erum ekki hernaðarþjóð, og þurfum því eigi að fórna fje voru og lífi til manndrápa og blóðsúthellinga. En samt eigum vjer óvini, þar sem er óblið veðurátta, og þó ekki hvað síst vorir eigin þjóðbrestir, sem oss eru verri en hafis, eldgos og landskjálftar. Móti þessum óvinum þurfum vjer að hefjast handa, og því fyr sem það verk er byrjað, því betra.

Að visu væri það fegurst, að þessi barátta væri hafin af sjálfboðum einum. En þeir, sem þekkja hugsunarhátt hinnar íslensku þjóðar, munu vart búast við, að málið komist nokkru sinni í framkvæmd án afskifta landsstjórnarinnar

og mundi aldrei ná nauðsynlegri festu án íhlutunar löggjafarvaldsins. Þetta hefir þeim, sem nú bera málið mest fyrir brjósti, verið ljóst.

Málgagn Ungmennafjelags Íslands, »Skinfaxi«, hefir hin síðustu misseri flutt ritgerðir um málið og að tilhlutun Ungmennafjelags Íslands hafa verið fluttir fyrirlestrar um það.

Fjelag nemenda hins almenna mentaskóla hefir og tekið mál þetta upp á stefnuskrá sína og fyrir tilmæli þess fjelags er það nú borið fram á þingi. Sagt er, að ungmennafjelög landsins, að minsta kosti þau, sem eru í sambandi, sje öll málinu fylgjandi, enda hefir starfsemi ýmsra þeirra gengið í líka átt, þótt lítið hafi áunnist, sem eigi var heldur við að búast, þar sem bæði skorti fjárhagslega stoð og leiðbeiningu. ●Norður í Svarfaðardal hefir eitt slíkt fjelag af frjálsum vilja lagt allangan akvegarspotta og ætlar að halda áfram þar til verkinu er lokið. Hefir það fjelag fengið einhvern lítilfjörlegan styrk af landsfje.

Þannig er þá þessu máli nú komið. Eru nú miklar líkur til, að löggjöf um þetta efni yrði öllum fjölda landsmanna kærkomin. En þó álitum við, allra hluta vegna, rjettast að bera málið undir atkvæði þjóðarinnar áður en lög eru sett um það, eða ráðstafanir gerðar til undirbúnings. Skyldi svo ótrúlega takast til, að meiri hluti atkvæða yrði því mótfallinn, þá væri það sönnun þess, að þjóðin er ekki enn þroskuð svo, að hún skilji hina mikla þýðingu málsins, bæði sem uppeldis- og menningarmeðal, og væri þá við það að una að svo stöddu máli.

En skyldi nú svo fara, sem við væntum, að meiri hlutinn vildi sinna málinu, þá væri timi til að fara að undirbúa það af hálfu landsstjórnar og þings.

Við viljum nú í fáum orðum geta hinna helstu kosta, er við teljum þegn-skylduvinnunni til gildis, og hið fáa, sem af nokkru viti er hægt að færa gegn henni.

Því verður naumast neitað með gildum rökum, að ungir menn mundu geta á tiltölulega stuttum tíma lært hlýðni og stundvísi og er oss Íslendingum þó í fáu eins áfátt. Þá mundi og auðvelt að leiðbeina þeim í háttþryði og þrifnaði og það því fremur, sem vjer erum þannig að náttúrufari, þótt nokkuð skorti á að vel sje. Verklægnin yrði að líkindum það, sem erfiðast yrði viðfangs og mundi taka mestan tíma að innræta mönnum. En það liggur í augum uppi, að ef sá tími, sem fyrst væri byrjað með, yrði of stuttur, þá yrði að lengja hann þar til sámilegt gagn yrði að.

Nú er það á hvers manns vitorði, að á næstu árum þurfum vjer Íslendingar að leggja út í stór fyrirtæki, svo sem hafnabyggingar, brúabyggingar, vegalagningar og ef til vill járnbrautarlagningar. Til þessa alls þurfum vjer mikinn mannafla. Gætum vjer nú sparað landssjóði mikinn hluta vinnulauna við þessi stórvirki, þá mundi að minsta kosti eigi þurfa að leggja nýja skatta á þjóðina til að koma þeim í framkvæmd. Þjóðin eignaðist á sama tíma áhugasama borgara, sem lagt hefði niður ýmsa þá meinlegu bresti, sem þjóðin nú hefir, einungis með því, að hver einstaklingur verði sárlitlum hluta æfi sinnar í þarfir landsins ókeypis. Hugsunarháttur allrar þjóðarinnar yrði innan fárra áratuga breyttur til hins betra. Tortrygnin, öfundin, einræningsskapurinn, fjelagslyndisleysið, áhugaleysið, óstundvísinn, og með henni ýms óreiða í orðum og gjörðum mundi væntanlega með öllu hverfa. Agaleysið færi í sömu gröfina og á moldum þessara bresta og lasta mundu vaxa: áhugi, hlýðni, háttþryði, atorka, fjelagslyndi, þrifnaður, stundvísi og áreiðanleiki í orðum og viðskiftum. Og á sama

tíma yrði landið betra og byggilegra. Ást manna á landinu myndi aukast og fórnfýsi fyrir það skapast, eigi einungis af því, að landið yrði betra, heldur, og einkum, af því að þá hefði menn eitthvað lagt í sölurnar fyrir það.

Þá er að athuga, hverjir sjeu annmarkar á að koma þegnskylduvinnunni í framkvæmd og hverja erfiðleika hún bakar landsmönnum. Það er vitaskuld, að það kostar landssjóð allmikið fje að undirbúa verkstjóra, en það mega líka heita einu erfiðleikarnir, sem teljandi eru fyrir landssjóðinn. Það mundi og fljótlega borga sig í haganlegri verkstjórn.

Fyrir landslýðinn er eigi önnur óþægindi að telja en vinnutap um lengri eða skemmri tíma, alt eftir því, hve langur eða stuttur þegnskyldutíminn væri. En þótt menn hugsuðu sjer heilt ár, og lengri tími hefir engum enu komið til hugar, þá mundi það geta skoðast sem fje, er lagt væri á vöxtu. Mennirnir yrði sem sje miklu nýtari menn sjer sjálfum og öðrum og þeir gæti verið að taka út á þessa eins árs vinnu alla sína æfi. Í sárfáum tilfellum mundi þetta verða neinum tilfinnanlegt, og naumast munu þess dæmi í útlöndum, að nokkur fjölskylda hafi fyrir þá sök farið á vonarvöl og er þó hervarnarskyldan þar víðast lengri tími en eitt ár, sumstaðar jafnvel þrjú ár.

Að þessu athuguðu leyfum við okkur að bera fram tillögu til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu í þegnskyldumálinu, á þingskjali 518.

Neðri deild Alþingis, 18. ágúst 1915.

Matth. Ólafsson,
skrifari.

Samb. niðurstöðunni.
Sveinn Björnsson,
formaður.